

Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Í þessu skipulagi er mikilvægt að huga að íbúum sem fyrir eru og lífsgæðum allra íbúa til framtíðar. Vinna mætti betur með hugmyndafræði 15-20 mín. hverfisins.

Tillögur um sértök bílastæðahús: Rökstuðningur fyrir þeim er ósannfærandi og eru slík hús fyrst og fremst til ágóða fyrir þá sem þau reka og auka kostnað þeirra sem eru á bílum. Þau skemma ásýnd svæðisins og auka umferð á. Finna ætti aðrar lausnir fyrir bíla og leggja áherslu á að hafa þjónustu í nærsamfélaginu (verslanir, veitingar, leikskóla og atvinnurými) sem minnkar þörf fyrir bílaumferð, nýta betur almenningssamgöngur. Ekki ætti að setja inn bann við einkabílastæðum vestast.

Hæðir húsa: Ekki ætti að leyfa 7-8 hæðir á Kársnestánni, mest 5 hæðir eins og nú er. Slíkt blokkar útsýni og eykur skuggamyndun. Í samráði kom skýrt fram að fólk óskaði eftir lágreistri byggð. Þetta hefur áhrif á skuggamyndun og lífsgæði.

Nýting svæða við ströndina: Ekki ætti að byggja háreist mannvirki við ströndina vestast og norðanmegin vestast. Það heftir útsýni og dregur úr möguleikum þeirra sem þegar hafa sest að þar til að njóta einmitt nálægðar við sjóinn. Leggja meiri áherslu á lágreista afþreyingu s.s. tengt kajak og sjósundi.

Huga ætti betur að þjónustu og upplifun fyrir svæðið nálægt **Ora reitnum og í Naustavörinni**. Langt í almenningssamgöngur og lítil þjónusta. Á samráðsfundi komu tillögur um að halda í staðarandann sem tengist matvælaframleiðslu og það þýðir að huga að aðstöðu fyrir lítil fyrirtæki í matartengdri nýsköpun, eldhús (sbr. Salt eldhús) og upplifunarsvæði tengt mat og veitingar.

Reitur 11, Bakkabraut 6: Taka skal mið af hagsmunum íbúa sem fyrir eru á reitnum (H-9). Of há hús skerða lífsgæði. Ekki skuli byggt meira en ein auka hæð ofan á húsið sem fyrir er.

Reitur 7, kennileiti: Varast ætti að byggja hátt kennileiti heldur gera ráð fyrir góðu rými fyrir almenning. Gæta að góðu aðgengi við sjóinn og að hindra ekki útsýni á jökulinn.

Tryggja ætti sem **stysta göngufjarlægð í almenningssamgöngur**, minna en 800 m. Ef lengra, þá notar fólk ekki slíkar samgöngur.

Gera skuli ráð fyrir **lokuðu öruggu leiksvæði fyrir lítil börn**, nálægt/á hafnarsvæðinu þar sem er veitingasvæði.

Tryggja góða aðstöðu fyrir kajak og sjósund.

Mikilvægt er að tryggja þessa stefnu í framkvæmd: "Haldið verði í sjónlínur og göngutengingar og hugað að skuggavarpum og skjóli."

Höfundur: Jóna Guðný Káradóttir/gudnykara@gmail.com

Sent inn þann: 20.02.2025, **Fyrir hönd:**